

Náttúruminjasafn Íslands

Ársskýrsla 2022



Ársskýrsla Náttúruminjasafns Íslands 2022

Efnisyfirlit

Ávarp forstöðumanns

Máttur safna

Nýjar höfuðstöðvar Náttúruminjasafnsins, Náttúruhús í Nesi

Ráðherra heimsækir
Náttúruhúsið í Nesi

Heimsókn frá Náttúru-
fræðisafni Danmerkur

Viðhorfskönnun til
Náttúruminjasafnsins

Miðlun og fræðsla

Vorferð – afmælissýning
Jöklarannsóknarfélags Íslands

Rostungur
– fær framhaldslíf

Íslandsleiðangur Sir
Joseph Banks

Safnfræðsla

Viðburðir og samstarf

Ráðstefnur og málþing

Rannsóknir

Jón Guðmundsson lærði

Kortlagning víðerna á hálendinu

Örverur og marflær

Náttúrur og fornar frásagnir

FishFAR

Líffræðileg fjölbreytni

Svartárvot, menning – náttúra

TREC

Krabbadýr á Íslandi

Rannsóknarstyrkir og samstarf

Rannís (öndvegisstyrkur 2019-2022)

Nýsköpunarsjóður námsmanna

International Arctic Science
Committee (IASC)

Horizon 2020 ArcticHUBS



Ársskýrsla Náttúruminjasafns Íslands 2022

Efnisyfirlit

Safnkostur

Inngangur	Samningur við Náttúrufræðistofnun	Menningar- og viðskiptaráðherra á Breiðdalsvík
Gjafir	Sarpur	Steinasafn Breiðdalsbræðra
Gripir í útláni		

Útgáfa

Náttúrufræðingurinn	NMSI.IS – Vefsetur Náttúruminjasafnsins	Birtingar á netinu
Nýtt vefsetur Náttúrufræðingsins		Erindi
Ársskýrsla Náttúruminjasafnsins 2021	Samfélagsmiðlar Ritlisti	Pallborðsumræður

Mannauður

Starfsfólk	Starfsþróun
------------	-------------

Grænu skrefin

Fjármál



Máttur safna

Alþjóðlegi safnadagurinn er haldinn hátíðlegur 18. maí ár hvert að frumkvæði Alþjóðaráðs safna (International Council of Museums, ICOM). Í ár var safnadagurinn haldinn undir yfirskriftinni „Máttur safna“ (e. The Power of Museums). Megintilgangur safnadagsins er að vekja athygli á menningar- og samfélagslegu mikilvægi safna og starfsemi þeirra.

Máttur safna felst einkum í faglegri starfsemi þeirra á sviði gagnaöflunar, varðveislu, rannsóknum og opnu, lýðræðislegu aðgengi að menningar- og náttúruarfinum með miðlun á upplýsingum og þekkingu á honum til samfélagsins. Viðfangsefni safna tekur til fortíðar, nútíðar og framtíðar og hlutverk safna felst þ.a.l. í að tengja og byggja brýr milli tímaskeiða, stuðla að samfellu, styrkja rætur og búa í hagin fyrir komandi tíma og kynslóðir – að treysta og efla grundvöllinn fyrir sjálfbært, farsælt og hamingjuríkt líf.



Dr. Hilmar J. Malmquist, forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands



Leiðarljós Náttúruminjasafnsins

Náttúruminjasafn Íslands hefur framangreind atriði að leiðarljósi í starfsemi sinni. Máttur safnsins, líkt og allra safna, byggir á starfsfólkinu, mannauðnum. Sýningahald, jafnt gerð þess, uppsetning og rekstur, er ein birtingarmynd af vinnu og afrakstri starfsfólksins. *Vatnið í náttúru Íslands*, sýning Náttúruminjasafnsins í Perlunni er ljómandi gott dæmi um mátt safnsins. Þar hefur tekist afar vel til. Aðsókn hefur verið með miklum ágætum þrátt fyrir áhrif COVID-19, og verið á bilinu 50 þúsund til nær 200 þúsund á ári, með flesta gesti árið 2019, á fyrsta heila starfsárinu fyrir COVID-19. Langflestir gestir eru erlendir ferðamenn en sérlega ánægjulegt er að sjá hve vel fjölskyldur með ung börn sækja sýninguna, ekki síst á sérstaka viðburði um helgar sem tileinkaðir eru fjölskyldufólki og safnkennarar og sérfræðingar safnsins sjá um. Þá er afar gaman að segja frá því að grunn-skólar nýta sér mjög vel þjónustu safnkennaranna enda er vel vandað til móttöku barnanna og boðið upp á fjölbreytta fræðslu og verkefni.

Mikill heiður og viðurkenning

Sýningin *Vatnið í Náttúru Íslands* hefur hlotið verðlaun og tilnefningar fyrir jafnt einstök sýningaratriði sem og sýninguna í heild, starfsemi safnsins og framtíðarsýn þess. Hér má nefna hin eftirsóttu, alþjóðlegu Best of the Best-Red Dot hönnunarverðlaun sem safnið hlaut árið 2019 ásamt margmiðlunarfyrirtækinu Gagarín fyrir þrjár gagnvirkar margmiðlunarstöðvar í sýningunni og árið 2020 þegar *Vatnið í náttúru Íslands* var tilnefnt til Íslensku safnaverðlaunanna.



Stærsta viðurkenningin til þessa verður þó að teljast tilnefning Náttúruminjasafns Íslands til Evrópsku safnaverðlaunanna 2022 (EMYA22). Tilnefningin byggði jafnt á sýningu safnsins í Perlunni, *Vatnið í náttúru Íslands*, á grunnstarfsemi safnsins á sviði rannsókna og miðlunar almennt og á framtíðarsýn og áformum um nýjar höfuðstöðvar á Sel-tjarnarnesi, *Náttúruhúsinu í Nesi*, sem væntanlega verða opnaðar eftir 2–3 ár. Það var mikill heiður og viðurkenning fyrir Náttúruminjasafnið að hljóta þessa tilnefningu til Evrópsku safnaverðlaunanna en aðeins 60 söfn af hátt í fjórða tug þúsunda í Evrópu hlutu þessa tilnefningu.



Tilnefning Náttúruminjasafnsins til EMYA22 var staðfest með sérstöku heiðurskjali. Hér má sjá þau Álfheiði Ingadóttur og Hilmar J. Malmquist sem tóku við skjalinu.

EMYA22

Verðlaunahátíð Evrópsku safnaverðlaunanna árið 2022 ásamt tilheyrandi ráðstefnu fór fram í Þjóðminjasafni Eista í Tartu, Eistlandi, dagana 4.–7. maí 2022. Um 300 ráðstefnugestir voru mættir til leiks, þar á meðal undirritaður og faglegur ritstjóri safnsins Álfheiður Ingadóttir fyrir hönd Náttúruminjasafns Íslands.

Dagskrá ráðstefnunnar var þéttskipuð með erindum frummælenda, örerindum og pallborðsumræðum, með verðlaunaafhendingu og kvöldverði í lokin. Náttúruminjasafnið tók þátt í málstofu um náttúruvísindi og samfélagslegt hlutverk í staðbundnu og hnattrænu samhengi. Til hliðsjónar voru lagðar fram spurningar um hvernig náttúrusöfn geta stuðlað að vernd náttúru og aukinni meðvitund um umhverfið og hins vegar hvaða leiðir söfn geta farið til að auka aðgengi og þátttöku mismunandi hópa og gesta í sýningum og starfsemi safna.



Þjóðminjasafn Eista í Tartu er byggt í framhaldi af flugbraut á herflugvelli sem Rússar reistu á sínum tíma. Til vinstri á myndinni má sjá leifar af gamla safninu sem var sprengt í loft upp í síðari heimsstyrjöldinni.

Þríþætt erindi Náttúruminjasafnsins

Í erindi mínu kynnti ég stuttlega gerð, eðli og inntak sýningarinnar *Vatnið í náttúru Íslands* og lagði áherslu á einkum þrennt.

Í fyrsta lagi á margvísleg náttúrufræðileg sérkenni vatnsauðlindarinnar á Íslandi og vistfræðileg tengsl bæði á staðbundna og hnattræna vísu, sem og að vatnsauðlindin er ekki eins og hver önnur verslunarvara eða gæði sem hægt er að fara óvarlega með.

Í annan stað lagði ég áherslu á mikilvægi safnkennara og sérfræðinga varðandi fræðslu og þjónustu við skólakerfið, auk þess að beita nýstárlegri margmiðlunartækni við miðlunina, sér í lagi gagnvart ungum gestum sem iðulega eru nýjungagjarnir og fúsir og fljótir að læra og beita nýjustu tækni.

Í þriðja lagi lagði ég áherslu á mikilvægi vísindalegrar þekkingar og rannsóknar sem grundvöll að vandaðri og áhugaverðri frásögn og miðlun. Hér tæpti ég á helstu rannsóknum Náttúruminjasafnsins og samstarfsaðila sem eru aðallega á sviði líffræðilegrar fjölbreytni, fornlíffræði, náttúru-sögu og náttúruspeki.

Varðandi líffræðilega fjölbreytni hvatti ég ráðstefnugesti sérstaklega til að huga vel að skilgreiningu hugtaksins og að tengja það ekki einvörð-ungu við fjölda tegunda heldur líta ekki síður til fjölbreytileika innan tegunda og tengsla og víxlverkana milli lífvera, ólífrænna þátta og umhverfisins. Mjög mikilvægt er að huga að vistfræðilegum þankagang og nálgun varðandi umgengni okkar við náttúruna því allt líf tengist á einn eða annan hátt og er órofa hluti ólífrænna þátta umhverfisins.

Ég minnti einnig á brýningu Antóníu Guterres aðalritara Sameinuðu þjóðanna í skýrslunni „Semjum frið við náttúruna“ (e. „Making peace with nature“) sem kom út í febrúar 2021 þess efnis að mannkyn verði að taka líffræðilega fjölbreytni sömu tókum og koma málefnum á sama stall og gert hefur verið varðandi loftslagsmálin, ella blasi við hrun líf- og efnahagskerfa og að fótunum verði þá kippt undan tilvist mannsins.

Í umræðunni um líffræðilega fjölbreytni er hér einnig ástæða til hnykkja á því mikilvæga atriði í núgildandi stefnu stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni á Íslandi að þar er gert ráð fyrir mjög virkri aðkomu Náttúruminjasafns Íslands að miðlunarhlutverkinu sem tengist hugtakinu, en í stefnuskjalinu stendur:

„Fræðsla um líffræðilega fjölbreytni Íslands: Fræðsla verður aukin, m.a. á netinu, í samvinnu stofnana sem sinna lífríkis-rannsóknum. Nýtt náttúruminjasafn mun gegna lykilhlutverki í fræðslu um lífríki landsins.“

(Stefnumörkun Íslands um framkvæmd Samningsins um líffræðilega fjölbreytni. 2008“. Bls. 5.)



Líffræðileg fjölbreytni er lykilstef í starfsemi Náttúruminjasafnsins. Hilmar J. Malmquist kynnir safnið á ráðstefnu Evrópskra safna.



Náttúruvísindi og tækni – Hvert er erindi þeirra og áhrif í samfélaginu?

Þegar framangreint ákvæði var sett fram árið 2008 var Náttúruminjasafn Íslands nýstofnað og hafði hvorki aðstöðu nú mannauð til að sinna miðlunarhlutverki sínu. Nú er öldin önnur og allt til reiðu fyrir höfuðsafnið að rækta hið þýðingarmikla hlutverk sem miðlun upplýsinga og gagna um líffræðilega fjölbreytni felur í sér. Stjórnvöld eru hvött til þess að búa svo um hnútana að Náttúruminjasafn Íslands geti staðið við umrætt lykilhlutverk í nýrri stefnumörkun stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni sem nú er unnið að. Það mun falla einstaklega vel að starfsemi safnsins í nýju höfuðstöðvunum á Seltjarnarnesi þar sem meginþema sýningarinnar mun snúast um hafið og fjölbreytileika sjávarlífríkisins, tengsl líffræði og jarðfræði, loftslagsvána og fleiri aðsteðjandi ógnanir.

Máttur safna er sannarlega mikill svo framarlega sem þeim er búin umgjörð til að starfa faglega og í þágu almennings og samfélagsins í heild. Hvað Náttúruminjasafn Íslands varðar, eitt þriggja höfuðsafna landsins á vegum hins opinbera auk Listasafns Íslands og Þjóðminjasafns Íslands, getur safnið vel við unað með árangur í starfseminni. Þar eiga starfsmennirnir miklar þakkir skildar fyrir elju, dugnað og áhuga á starfinu.

Því verður hins vegar ekki neitað að starfseminni er sniðin mjög þröngur stakkur hvað varðar fjárheimildir til almenns rekstrar. Rekstrarframlag ríkisins til Náttúruminjasafnsins í ár hljóðaði upp á 125,1 m.kr., sem eru um 50 m.kr. undir áætlaðri lágmarkspörf safnsins til að geta sinnt lögbundnum hlutverkum sínum með viðunandi hætti. Hér er m.a. gengið út frá því að við Náttúruminjasafnið starfi 10–12 manns (stöðugildi) og að safnið hafi að auki rekstrarfé til almenns skrifstofuhalds, húsaleigu, aðkeyptrar þjónustu ýmis konar og til annarra þátta sem fylgja starfsemi af því tagi sem um ræðir. Í fjárheimildum Náttúruminjasafnsins er heldur ekki veitt svigrúm til eignakaupa vegna viðhalds og endurnýjunar á tækjabúnaði á sýningu safnsins í Perlunni. Þetta er afar bagalegt en í húfi er orðstír sýningarinnar og safnsins.




Frá sýningu Náttúruminjasafns Íslands,
Vatnið í náttúru Íslands

Almenn fjárbörf Náttúruminjasafnsins til rekstrar er sérstaklega brýn í ljósi þess að undirbúningur er þegar hafin að flutningi safnsins í sínar fyrstu og nýju höfuðstöðvar, Náttúruhúsið í Nesi, en nánar er fjallað um undirbúning og framkvæmdir við Náttúruhúsið á næstu síðu hér í ársskýrslunni. Vinna við hugmyndafræði, efnistöð og söguþráð sýningarinnar í Náttúruhúsinu stóð yfir allt árið og í október var auglýst forval á evrópska efnahagssvæðinu fyrir hönnunarsamkeppni um sýninguna. Umsjón með samkeppninni höfðu Ríkiskaup og Miðstöð hönnunar og arkitektúrs. Undirbúningsvinnan bætist ofan á alla aðra vinnu og verkefni sem starfsfólk Náttúruminjasafnsins hefur á sinni könnu og vinnuálag því í raun orðið of mikið.

Afar mikilvægt er að ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur og, ekki síst, ráðherra Náttúruminjasafns Íslands, Lilja D. Alfreðsdóttir menningar- og viðskiptaráðherra, sýni þessu höfuðsafni þjóðarinnar í náttúrufræðum þann skilning sem stofnunin, þjóðin og aðrir gestir landsins eiga skilið og geri betur við hana hvað varðar fjárheimildir til almenns rekstrar. Því miður verður ekki sagt að fyrstu drög að fjárlagagerð ársins 2023 sem sett voru fram í haust lofi góðu fyrir Náttúruminjasafnið. Safninu eru ekki ætlaðar nema um 140 m.kr. í almannan rekstur. Hér vantar Náttúruminjasafninu um 35 m.kr. til að halda sjó og forðast rekstrarhalla. Í þessu samhengi er krafa ráðuneytisins um sértekjur hjá Náttúruminjasafninu sérkennileg, en hún svarar til um 30% af framlagi ríkisins, sem er allt að tvöfalt hærri hlutdeild en hjá hinum höfuðsöfnunum tveimur. Hér þurfa að verða breyting á ef Náttúruminjasafn Íslands á að geta rækt göfug hlutverk sín, að tryggja menningar- og náttúruarf Íslands og veita almenningi aðgengi að honum með nýstárlegum og vönduðum sýningum og annars konar miðlun og fræðslu. Þannig treystum við best grundvöllinn að tilveru okkar og farsælli framtíð.

Dr. Hilmar J. Malmquist
forstöðumaður



Nýjar höfuðstöðvar Náttúruminjasafnsins, Náttúruhús í Nesi



Náttúruhús í Nesi, nýjar höfuðstöðvar safnsins á Seltjarnarnesi.

Undirbúningur fyrir grunnsýningu Náttúruminjasafnsins í nýjum höfuðstöðvum á Seltjarnarnesi, *Náttúruhúsi í Nesi*, hófst formlega árið 2021 með vinnu ráðgjafahóps að efnistöðum, innihaldi og hugmyndafræði sýningahaldsins. Fagráðið var skipað 19 sérfræðingum frá ýmsum rannsókn- og háskólastofnunum sem fást við náttúrufræði ásamt sérfræðingum Náttúruminjasafnsins. Fagráðið skilaði af sér tillögum haustið 2021 og hélt vinna við sýningagerðina áfram árið 2022 á vegum sýninganefndar Náttúruminjasafnsins.

Þema grunnsýningarinnar mun snúast um Hafið, fjöruna, ströndina, grunnsævið, úthafið og djúpið. Áhersla verður á lífríki sjávar og líffræðilegan fjölbreytileika, jarðfræðilega mótunarsögu N-Atlantshafsins og Íslands, hafstrauma og eðlis- og efnafræði hafs, ásamt ógnum við sjávarlífríkið á borð við loftslagsbreytingar, súrnun sjávar og rask búsvæða. Krúnudjásn sýningarinnar og langstærsti sýningagripurinn, nær 14 m á lengd, verður beinagrind íslandssléttbaks (*Eubalaena glacialis*) sem Náttúruminjasafnið fær að langtímaláni frá Náttúrufræðisafni Danmerkur (Statens Naturhistoriske Museum). Annar kjörgripur verður geirfuglinn (*Pinguinus impennis*) sem þjóðin eignaðist árið 1971.

Í október efndi Náttúruminjasafnið í samstarfi við Miðstöð hönnunar og arkitektúrs og Ríkiskaup til samkeppni á evrópska efnahagssvæðinu um hönnun og framkvæmd á grunnsýningunni á Seltjarnarnesi. Um var að ræða lokaða samkeppni með forvali og nafnleynd sem var auglýst 10. október með skilafresti 14. nóvember. Níu hönnarteymi, fimm erlend og fjögur íslensk, skiluð af sér tillögum og voru þrjú teymi valin áfram til að taka þátt í hönnunarsamkeppninni. Teymin þrjú höfðu frest fram til 20. febrúar 2023 að skila af sér ítarlegum tillögum um sýningagerðina m.t.t. innhalds og framsetningu efnis ásamt framkvæmda-, tíma og kostnaðaráætlun.

Fjárhagsáætlun grunnsýningarinnar í heild miðast við 463 m.kr. með vsk., þar af 383 m.kr. vegna sýningagerðarinnar samkvæmt útboðinu á evrópska efnahagssvæðinu. Kostnaður vegna annarra verkþátta við sýningagerðina er áætlaður 80 m.kr. og felst m.a. í forvörslu, flutningi og uppsetningu beinagrindar íslandssléttbaksins.

Ráðherra heimsækir Náttúruhúsið í Nesi

Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra heimsótti í byrjun janúar Náttúruhúsið á Seltjarnarnesi, þar sem framtíðaraðsetur Náttúruminjasafns Íslands verður til húsa, og heilsaði upp á starfsfólk safnsins. Með ráðherra voru í för Rúnar Leifsson sérfræðingur hjá ráðuneytinu, Auður B. Árnadóttir fjármálastjóri og Ásta Sigrún Magnúsdóttir upplýsingafulltrúi.

Forstöðumaður safnsins, Hilmar J. Malmquist, kynnti bygginguna, starfsemi safnsins og þau viðfangsefni sem unnið verður með í sýningahaldi á nýja staðnum, en stefnt er að því að vígja nýju höfuðstöðvarnar á árinu 2023.

Hilmar færði ráðherranum að gjöf vandaða ljósmynd af hvalablaði Jóns Guðmundssonar lærða (1574–1658), en það er blað með teikningum af 19 nafngreindum hvölum og rostungi, og eru sumar teikningar líklega þær elstu sem vitað er um af viðkomandi hvalategund. Ekki er loku fyrir það skotið að beinagrind af stórhveli verði á meðal sýningargripa, en inntak sýningarinnar í Náttúruhúsi í Nesi verður hafið og sú líffræðilega fjölbreytni sem þar er að finna.



Hópurinn samankominn í Náttúruhúsi í Nesi.



Hilmar J. Malmquist og Lilja Alfreðsdóttir með innrammaða ljósmynd af hvalablaði Jóns lærða.

Heimsókn frá Náttúrufræðisafni Danmerkur


Í september fékk Náttúruminjasafnið heimsókn frá Náttúrufræðisafni Danmerkur í teilefni þess að til stendur að veita NMSÍ langtímalán á beinagreind Íslandssléttbaks. Gestirnir voru Peter C. Kjergård forstjóri safnsins, Nikolaj Scharff deildarstjóri og Bethany Geena Palumbo forvörður. Fundað var um lánið á þessum mikla kjörgrip, forvörslu hans og miðlunarleiðir. Beinagrindin verður hryggjastykki á sýningu safnsins í nýju höfuðstöðvunum.

Viðhorfsskönnun til Náttúruminjasafnsins

Í byrjun árs 2022 efndi Náttúruminjasafnið til spurningakönnunar meðal almennings til að forvitnast um þekkingu og viðhorf til sýninga safnsins. Könnunin var lögð fyrir Þjóðgátt Maskínu, sem er hópur fólks sem dreginn er með tilviljun úr þjóðskrá. Könnunin fór fram á netinu 6.–17. janúar 2022 og voru svarendur 18 ára og eldri alls staðar að af landinu. Svarendur voru 902 og við úrvinnslu voru gögnin vegin til samræmis við tölur Hagstofunnar þannig að hópurinn sem svarar endurspeglar þjóðina út frá kyni, aldri og búsetu.

Meginniðurstöður könnunarinnar voru að almennt þekkti fólk ekki til Náttúruminjasafns Íslands og starfsins sem þar fer fram en var engu að síður mjög jákvætt gagnvart starfsemiinni (mynd 1). Um 76% svöruðu að það skipti miklu máli að boðið sé upp á sýningar og fróðleik um náttúruna. Athygli vekur að þrátt fyrir að um 75% svarenda svari að þau þekki ekki til starfs safnkennara safnsins þá má engu að síður greina mikla jákvæðni í garð starfsins og finnst yfirgnæfandi meirihluta mikilvægt að öllum skólahópum sé sinnt, allt frá leikskólum til háskóla.


Finnst þér skipta miklu eða litlu máli að boðið sé upp á sýningar og fróðleik um náttúru Íslands?



Í könnuninni kom einnig fram að rúm 44% svarenda fannst mjög líklegt eða frekar líklegt að þau myndu heimsækja náttúrusýningu um hafið og sjávarlífríkið ef boðið væri upp á slíkt og að tilgangur slíkrar heimsóknar væri að fræðast fyrst og fremst (mynd 2).

Mynd 1: Viðhorf fólks til sýningahalds og framsetningu fróðleiks um náttúru landsins er mjög jákvætt

Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú myndir sækja náttúrusýningu um hafið og sjávarlífríkið ef það væri í boði?



Af viðhorfsskönnuninni er ljóst að ýmis sóknarfæri eru vannýtt í kynningastarfi á Náttúruminjasafninu og mikilvægt að hefja þá vegferð samhliða sýningarundirbúningi í nýjum höfuðstöðvum og tengja við núverandi starf safnkennara á sýningu safnsins í Perlunni, *Vatnið í náttúru Íslands*, en í dag tekur safnið á móti umtalsverðum fjölda nemenda á öllum skólastigum.

Mynd 2: Líkindi þess að fólk komi til með að sækja náttúrusýningu um hafið og lífríki þess má teljast í meðallagi.

Miðlun og fræðsla

VORFERÐ – afmælissýning Jöklarrannsóknafélags Íslands

Í Dropanum, sérsýningarrými Náttúruminjasafnsins í Perlunni, er nú sýningin VORFERÐ sem unnin var í samvinnu við Jöklarrannsóknafélag Íslands í tilefni 70 ára afmælis félagsins 2020. Sýningin gerir mikilvægri starfsemi félagsins skil og sögu þess frá upphafi. Sýningin var opnuð nóvember 2021 og stóð fram í apríl 2023.

Sýningarstjórn Jöklarrannsóknafélagsins, sem jafnframt sá um handritsgerð, var skipuð Hrafnhildi Hannesdóttur, Andra Gunnarssyni, Önnu Líndal og Þóru Karlsdóttur. Anna Líndal sá jafnframt um innsetningu muna. Ráðgjöf við sýningarhönnun veitti VISIONIS / Þórunn Sigríður Þorgrímsdóttir. Anna Katrín Guðmundsdóttir sá um verkefnastjórn fyrir hönd safnsins og Álfheiður Ingadóttir um frágang texta.




ROSTUNGUR – fær framhaldslíf

Sérsýningin ROSTUNGUR sem er hönnuð sem farandsýning og fyrst sett upp í Dropanum í mars 2020, fékk framhaldslíf og var komið fyrir í Selasetrinu á Hvammstanga í maí. Sýningin byggir m.a. á nýlegri rannsókn á beinaleifum rostunga sem Náttúruminjasafnið hafði frumkvæði að og vann með Háskóla Íslands, Fornleifafræðistofunni, Ævari Petersen, Háskólanum í Kaupmannahöfn og Háskólanum í Groningen í Hollandi, en rannsóknin varpar alveg nýju ljósi á tilvist rostunga til forna við Ísland. Um þessa rannsókn má les í vísindartinu *Molecular Biology and Evolution* og Skírni.

Á sýningunni á Hvammstanga er framangreindum rannsóknaniðurstöðum gerð skil og fléttað saman við umfjöllun um líffræði rostunga almennt og útbreiðslu í dag, sem og við nýttar af rostungum til forna og hugsanlegum þætti þeirra í landnámi Íslands.

Íslandsleiðangur Sir Joseph Banks

Í tilefni af því að 250 ár voru liðin frá Íslandsleiðangri Sir Joseph Banks var efnt til sýningar í júní í Þjóðar-bókhöðunni undir stjórn Önnu Agnarsdóttur og Sum-arliða Ísleifssonar. Náttúruminjasafnið aðstoðaði við gerð sýningarinnar og lánaði m.a. sýningagrip.



Banks lét útbúa nafnspjaldi eftir Íslandsförina. Teikning af Heklu prýðir kortið. Einnig eru Hólar merktir, enda var sá staður oft sýndur á kortum eftir að Guðbrandur biskup reiknaði út hnattstöðu Íslands á 16. öld.

Safnfræðsla

Móttaka skólahópa

Safnkennarar taka á móti skólahópum alla virka daga. Nemendur í leikskólum fara í upplifunarferð um sýninguna *Vatnið í náttúru Íslands* og kynnast mismunandi birtingarmyndum vatns með því að hlusta, snerta og sulla og skoða lífverur sem búa í vatninu. Grunnskólahópum standa til boða fjölbreyttar fræðsuleiðir, svo sem líf í fersku vatni, líffræðileg fjölbreytni, vatnið, steindir og steinar og veður og loftslag.

Tekið var á móti 6. bekk í grunnskólum Reykjavíkur í samstarfi við *Miðstöð útivistar og útináms og starfsfólk Perlunnar* líkt og fyrri ár. Hóparnir heimsóttu bæði sýningu Náttúruminjasafnsins og aðrar sýningar í Perlunni og fræddust um náttúruna. Reykjavíkurborg sá um þjónustu hópferðabifreiða vegna þessara skólaheimsóknna.

Safnkennarar Náttúruminjasafnsins tóku á móti rúmlega 2700 nemendum og um 400 kennurum á árinu af öllum skólastigum, allt frá leikskóla til háskóla. Heimsóknir skólahópa á sýningu Náttúruminjasafnsins í Perlunni er ein af grunnstöðum í fræðslustarfi safnsins, en auk þess bjóða safnkennararnir upp á fjölmargar aðrar leiðir til að vinna með skólunum.

Frumuskoðun með Fellaskóla

Auk þess að sinna fræðslu inni í Perlunni vinna safnkennarar og sérfræðingar Náttúruminjasafnsins með málefni náttúrunnar utan dyra. Meðal annars heimsóttu safnkennararnir Fellaskóla í tvígang á vorönn og buðu nemendum í 5. og 6. bekk upp á að skoða dýra- og plöntufrumur í smásjá til að átta sig á fjölbreytileika og mismun. Þá var kennurum einnig kennt á notkun smásjáanna.



Upplifun í Öskjuhlíð

Náttúruminjasafn Íslands setti saman verkefnabækling, *Upplifun í Öskjuhlíð*, þar sem gefur að líta fimm mismunandi verkefni um náttúruna sem gestir og gangandi í Öskjuhlíðinni geta spreytt sig á að leysa. Bæklingurinn er einkum ætlaður fjölskyldufólki og má nálgast í anddyri sýningar safnsins, *Vatnið í náttúru Íslands* á 2. hæð í Perlunni.

Viðburðir og samstarf

Viðburðahald er stór og mikilvægur liður í miðlun safnsins og voru viðburðir sem safnið stóð fyrir hátt á þriðja tug árið 2022. Covid-19 setti sitt mark á fyrstu tvo mánuði ársins, en þá voru enn samkomutakmarkanir í gangi. Seinni hluta febrúar fór reglulegt viðburðahald og móttaka skólahópa í fullan gang.

Fastir liðir í viðburðahaldinu eru *Spennandi sunnudagar* sem eru viðburðir sérhannaðir fyrir fjölskyldufólk til að fræðast um hin ýmsu undur náttúrunnar og eru ávallt haldnir fyrsta sunnudag í mánuði. Í júlí var viðburðahaldið vikulegt með *Spennandi þriðjudögum* þar sem höfðað var til fjölskyldufólks í sumarfríi til að fræðast um náttúruna. Að jafnaði sækja um 200 gestir viðburði Náttúruminjasafnsins.

Á meðal viðburða sem boðið var upp á voru *Greindir steinar* (steinagreining), *Páskaraleikur*, *Eldgos og jöklar* (fróðleikur um eldgos og jarðskjálfta) og *Líf í fersku vatni*. Einnig voru viðburðir þar sem listinni var tvinnað saman við náttúruna og fengu gestir að tjá sig í gegnum listsköpun. Listakonurnar Rán Flygenring og Elín Elísabet Einarsdóttir stóðu fyrir teiknismiðju og fyrir jólin föndruðu gestir snjóhorn og fræddust um undur íss og jökla.

Náttúruminjasafnið leggur ríka áherslu á samstarf við aðrar stofnanir í viðburðahaldi og að miðla náttúrufræðum á þverfaglegan hátt.

Samningur við Náttúrufræðistofnun

Miðvikudaginn 22. október 2022 undirrituðu Hilmar J. Malmquist forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands og Eydís Línal Finnbogadóttir forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands samkomulag um áframhaldandi samstarf stofnananna tveggja á sviði rannsókna og miðlunar.

Nýja samkomulagið felur í sér náið samstarf stofnananna um málefni sem varða m.a. líffræðilega fjölbreytni, jarðfræði, flokkunarfræði og miðlun. Stofnanirnar munu einnig vinna náið og á gagnkvæman hátt með gagnasöfn sín og safnkost, jafnt vegna sýninga og annarrar starfsemi. Í samkomulaginu er jafnframt að finna ákvæði um aðstoð Náttúrufræðistofnunar við öflun náttúrugripa sem lögum samkvæmt ekki verða fengnir með öðrum hætti og þá mun Náttúruminjasafnið taka yfir umsjón með útlánunum á munum úr safnkosti Náttúrufræðistofnunar sem ætlaðir eru til sýningar hjá þriðja aðila.



Hilmar J. Malmquist forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands og Eydís Línal Finnbogadóttir forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands skrifa undir samstarfssamning.

Vantajökulspjóðgarður

Náttúruminjasafn Íslands og Vatnajökulspjóðgarður undirrituðu formlegan samning í árslok sem kveður á um samstarf á sviði miðlunar og fræðslu. Fyrsta verkefni stofnananna var að setja upp sýningu í Dropanum, sérsýningarrými safnsins í Perlunni um starfsemi Vatnajökulspjóðgarðs í viðum skilningi. Sýningin var opnuð um mitt ár 2023.

Minjasafnið á Akranesi

Samstarf við Byggðasafnið á Akranesi hélt áfram í ár og mættu starfsmenn Náttúruminjasafnsins á Vökudaga með viðburðinn Eldgos og jarðskjálftar sem vakti mikla lukku. Þar skoðuðum við efni sem koma upp í eldgosum, bjuggum til jarðskjálfta og létum eldfjöll gjósa.

Stofnanir sem Náttúruminjasafnið hefur átt í samstarfi við í viðburðahaldi eru m.a. Jöklarannsóknafélag Íslands, Landvernd, Ferðafélag barnanna, Háskóli Íslands, Grasagarðurinn og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Náttúruminjasafnið tók þátt í þremur viðburðum með Háskóla Íslands og Ferðafélagi barnanna. Farið var í fjöruferð í Gróttu í lok apríl, pöddulífið í Elliðaárdalnum skoðað í byrjun sumars og sveppir tíndir og greindir í Heiðmörk í september.

Náttúruminjasafnið stóð fyrir náttúruskoðun í samstarfi við Landvernd þar sem gróðurfar og dýralíf í ferskvatni í nágrenni Alviðru var skoðað.

Dagur hinna villtu blóma var haldinn hátíðlegur í samstarfi við Grasa-
garðinn, Umhverfisstofnun, Urtagarðinn í Nesi, Seltjarnarnesbæ og Flóru-
vini og boðið upp á plöntuskoðun á Seltjarnarnesi.

Í nóvember var boðið upp á sérstakan viðburð fyrir fullorðna í greiningu steina í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands.



Dagur hinna villtu blóma.



Fjöruferð í Gróttu með Ferðafélagi barnanna


Hringrás vatnsins á jörðinni

Náttúruminjasafn Íslands tók þátt í Barnamenningarhátíð í ár í samstarfi við LÁN (Listrænt ákall til náttúrunnar) með verkefninu *Hringrás vatnsins á jörðinni* en kallað var eftir vatnsdropum – listaverkum tengdum vatni frá upprennandi listamönnum. Nemendur 20 grunn- og leikskóla víðsvegar um landið tóku þátt, sköpuðu listaverk og veltu fyrir sér hringrás vatnsins. Samtals bárust safninu tæplega 1000 vatnsdropar!

Listaverkin sameinuðust í einu stóru listaverki í anddyri sýningar Náttúruminjasafnsins í Perlunni og voru aðgengileg á meðan Barnamenningarhátíðin stóð yfir í apríl.

Þriðjudaginn 5. apríl var þátttakendum boðið á opnun sýningarinnar ásamt foreldrum og forráðamönnum, þar sem skoða mátti listaverkin og finna dropann sinn.

Droparnir sem börnin bjuggu til voru fallegir og áhuga-verðir, af öllum gerðum, flatir, þrívíðir, úr pappa og vefnaði og leir. Sumir létu fylgja með hugleiðingar um vatnið og óskir um framtíð þess.



Hringrás vatnsins á jörðinni, Barnamenningarhátíð 2022

Vísindavaka

Náttúruminjasafnið lét sig ekki vanta á Vísindavöku, sem haldin var í Laugardalshöll í október. Í ár var haldin skapandi smíðja þar sem börn gátu fönðrað, teiknað og litað ýmsar lífverur sem hengd voru upp í viðeigandi vistkerfi. Þetta reyndist mjög vinsælt og mikill áhugi augsýnilega fyrir hendi hjá unga fólkinu, sérstaklega að útbúa mýflugur sem margir tóku síðan með sér heim. Samkvæmt talningu Rannís sóttu ríflega 6400 manns Vísindavökuna að þessu sinni. [Sjá nánar hér.](#)



Uppspretta

Safnkennarar Náttúru-minjasafnsins tóku þátt í *Uppsprettu* á haustönn 2022. Uppspretta er bæði viðburður og vefur á vegum Reykjavíkurborgar sem ætlað er að draga fram tilboð, fræðsluleiðir og vettvangsferðir sem eru í boði fyrir skólahópa í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu. Náttúru-minjasafnið hefur tekið þátt í Uppsprettu undanfarin ár með því að skrá fræðsluleiðir sínar á vefinn og einnig með því að taka þátt í viðburðinum sem að þessu sinni var haldinn á Kjarvalsstöðum. Viðburðurinn er auglýstur í skólasamfélag borgarinnar og sækja hann kennarar allra skólastiga og starfsfólk frístundaheimila til að kynna sér hvað er í boði.



List og lífbreytileiki



List og lífbreytileiki – Smiðja í Grunnskóla Snæfellsbæjar með Rán Flygenring og Elínu Elísabetu

Náttúru-minjasafnið hlaut styrk frá Barnamenningarsjóði árið 2022 til að vinna verkefnið *List og lífbreytileiki*. Verkefnið er unnið í samstarfi við BIODICE samstarfsvettvanginn um líffræðilega fjölbreytni (biodice.is) og fjölbreyttan hóp listafólks og ungmenna í átta skólum hringinn í kringum landið. Verkefninu lýkur á næsta ári.

Verkefnið hófst haustið 2022 þegar listafólk og sérfræðingar safnsins á sviði líffræðilegrar fjölbreytni og miðlunar komu saman og fræddust um hugtakið líffræðileg fjölbreytni. Veturinn 2022 voru haldnar margvíslegar listasmiðjur sem tengjast náttúrunni og í kjölfarið unnu nemendur listaverk sem sett verða upp næsta ár í Dropanum á 2. hæð Perlunnar, í tengslum við Barnamenningarhátíð í Reykjavík 2023.

Listamennirnir sem tóku þátt í þessu verkefni með safninu voru Rán Flygenring, Elín Elísabet Einarsdóttir, Sverrir Norland, Heimir Freyr Hlöðversson, Friðgeir Jóhannes Kristjánsson og Björk Þorgrímsdóttir.

Eitt af markmiðum verkefnisins er að vinna að því að ná betur til barna á landsbyggðinni og í því skyni var unnið með einum skóla í hverjum landshluta.

[Frétt frá Grunnskóla Snæfellsbæjar](#)

[Frétt frá Stapaskóla](#)

Ráðstefnur og málþing

EMYA 22

Verðlaunahátíð Evrópsku safnaverðlaunanna árið 2022 ásamt tilheyrandi ráðstefnu fór fram í Þjóðminjasafni Eista í Tartu, Eistlandi, dagana 4.–7. maí 2022. Dagskrá ráðstefnunnar var þéttskipuð með erindum frummælenda, örerindum og pallborðsumræðum, með verðlaunaafhendingu og kvöldverði í lokin. Fulltrúar Náttúruminjasafnsins á hátíðinni voru Hilmar J. Malmquist forstöðumaður safnsins og Álfheiður Ingadóttir þáverandi ritstjóri. Hilmar tók þátt í málstofu um náttúruvísindi og samfélagslegt hlutverk í staðbundnu og hnattrænu samhengi og er nánri grein gerð fyrir erindi hans í [ávarpi forstöðumanns](#) hér að framan.



Þátttaka í CETAF




Náttúruminjasafnið gekk til liðs við evrópska CETAF samstarfsvettvanginn á árinu, Consortium of European Taxonomic Facilities, sem eru samtök sem vinna að því að tengja saman söfn og stofnanir sem hafa yfir að ráða safnkosti af náttúrumunum, jafnt jarðfræðisöfn sem líffræðisöfn. Ýmsir vinnuhópar eru starfræktir á vegum CETAF sem eru áhugaverðir fyrir Náttúruminjasafnið, t.d. vinnuhópur um jarðminjar. Ragnhildur Guðmundsdóttir sótti fund CETAF í Frankfurt, Þýskalandi, í maí og kynnti starfsemi Náttúruminjasafnsins.

Í CETAF eiga nú 71 stofnun aðild frá 22 Evrópulöndum og er CETAF talið leiðandi á sínu sviði í Evrópu og víðar. (cetaf.org)

Hringborð Norðursins – Arctic Circle

Hringborð Norðursins (Arctic Circle) var haldið í Hörpu dagana 13.–16. október. Náttúruminjasafnið tók þátt í málstofu sem bar yfirskriftina A Changing Cryosphere Affecting Biodiversity, Energy, and Tourism, en skipuleggjandi málstofunnar var starfsmaður Norðurslóðanetsins (IASC). Prófessor Skúli Skúlason hélt erindi sem bar heitið „How melting glaciers affect biodiversity in Iceland: Implications for resource use and conservation“. Ragnhildur Guðmundsdóttir var málstofustjóri.




Rannsóknir

Fyrsti íslenski náttúrufræðingurinn: Jón Guðmundsson lærði (1574–1658) í norrænni vísindasögu og önnur verkefni sem tengjast Jóni

Bókin *Jón lærði og náttúrur náttúrunnar* eftir Viðar Hreinsson kom út 2016 á vegum Lesstofunnar og Náttúruminjasafns Íslands. Jón lærði var einn fyrsti náttúrufræðingur landsins og rit hans *Ein stutt undirréttung um Íslands aðskiljanlegar náttúrur* er fyrsta ritið sem varðveist hefur á íslensku um náttúrufræði á Íslandi. Viðar Hreinsson stýrir verkefni um viðtökur, sýnileika og ósýnileika verka (texta og teikninga) Jóns lærða í norrænni vísindasögu. Verkefnið hófst árið 2019 og var í upphafi stutt af Rannsóknarsjóði Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar. Verkefnið tafðist vegna COVID-19 en þokast áfram samhliða öðrum verkefnum sem tengjast Jóni lærða.

Verkefni sem tengjast Jóni lærða eru eftirfarandi:

1. Vinna hófst við ritun greinar til ritrýningar um tilurð náttúrufræðis Jóns sem ber titilinn *Ein stutt undirréttung um Íslands aðskiljanlegar náttúrur* í samstarfi við dr. David Winter, prófessor við Brandonháskóla í Manitoba, Kanada. Þá hafa verið lögð drög að því að tengja þetta verkefni við viðtækari rannsóknir á sögu vísindasamstarfs Íslands og Danmerkur.
2. Lokið var enskri þýðingu á riti Jóns, *Ein stutt undirréttung um Íslands aðskiljanlegu náttúrur* í samvinnu við dr. Vicki Szabo, prófessor í umhverfissögu við North-Carolinaháskóla í Bandaríkjunum og er verið að rita inngang og skýringar. Stefnt er að útgáfu árið 2024 en þá er öld síðan ritið kom út á prenti.
3. Áfram var unnið að rannsóknum á Íslandskorti sem allt bendir til að Jón hafi teiknað, en tveir illa farnir hlutar þess af þremur eru geymdir í handritadeildum konunglegu bókasafnanna í Kaupmannahöfn og Stokkhólmi. Ásamt Hilmar J. Malmquist forstöðumanni var unnið að undirbúningi viðamikils rannsóknaverkefnis á tilurð og afdrifum þessa korts í samráði við Bill Christens Barry hjá Equiposie Ltd. í Boston og lögð drög að samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum við verkefnið.
4. Byrjað er að leita leiða til að gefa út heildarsafn rita Jóns lærða. Mörg þeirra hafa komið út á prenti en önnur eru óprentuð. Vegleg útgáfa í 1–2 myndarlegum bindum væri vel við hæfi þegar flutt verður í ný húsakynni Náttúruminjasafnsins.



Hér má sjá rithönd Jóns lærða (með nútímasafsetningu): „Um nokkrar grasanáttúrur, Probate [prófaðar] velflestar og þeirra hluta sem hér í landi mega fremst til lækninga og linunar manna meina, saman skrifat af Jóni G[uðmunds]”

Náttúrur og fornar frásagnir

Þetta verkefni er kjölfesta í starfi umsjónarmanns, Viðars Hreinssonar, bókmenntafræðings, við að byggja upp umhverfshugvísindi innan Náttúruvísindasafnsins. Verkefnið dregur fram fjölbreyttar birtingarmyndir náttúru og náttúruskilnings í íslenskum sagnabókmenntum frá landnámi til siðaskipta og hefur það verið styrkt af verkefninu *Ritmenning íslenskra miðalda* (RÍM) sem stýrt er af Snorrastofu í Reykholti.

Í verkefninu er beitt fræðilegri nýsköpun umhverfshugvísinda á íslenskar miðaldabókmenntir frá landnámi til siðaskipta. Kannað er hvernig náttúruskyn, umhverfisskilningur, landfræði og staðfræði breytast með breyttum samfélagslegum og menningarlegum forsendum allt frá goðsögnum Eddukvæða og frásögnum Íslendingabókar og Landnámu, um þróaða sagnalist á 13. og 14. öld, til lífrænnar handritamenningar á 15. og 16. öld. Ljosi er varpað á ólíkar birtingarmyndir umhverfis og náttúru í fjölbreyttu úrvali fornra sagna og kvæða. Grunnhugmynd í verkinu er lífrænt hreyfiafl bókmenningar og menningarleg fjölbreytni sem kallast á við lífræðilega fjölbreytni. Meginmarkmið er að greina og skýra náttúruskyn sem er gerólikt nútímaskilningi, til þess að betur sé hægt að átta sig á að hugmyndir fólks um náttúrur eru breytilegar eftir sögulegu og menningarlegu samhengi og ekkert sjálfsagt í þeim efnum. Lok-ið verður við hreinritun bókarinnar árið 2023 og stefnt að útgáfu 2024.

Til lengri tíma er stefnt er að útgáfu tveggja bóka um náttúruskyn í íslenskri bókmenningu og síðara bindið mun fjalla um þetta efni á tímabilinu frá siðaskiptum til fyrri hluta tuttugustu aldar. Rannsóknir vegna þess eru þegar hafnar með þátttöku í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum. Lagt hefur verið til að þessar tvær bækur myndi upphaf að ritröð sem nefnist *Íslands náttúrur*. Í þriðja bindi verður fjallað um fyrstu aldir vísindalegra náttúrufræða, frá Konungsskuggsjá og Jóni lærða til Þorvalds Thoroddsen, en einkum á tímabilinu frá siðaskiptum til upphafs 20. aldar.

Svartárkot, menning – náttúra

Unnið var að frekari þróun verkefnisins *Svartárkot, menning – náttúra* (SMN) sem Viðar Hreinsson hrinti af stað á vegum ReykjavíkurAkademíunnar í samstarfi við ábúendur í Svartárkoti í Bárðardal árið 2006. Verkefnið hefur staðið að framsæknum rannsóknum og alþjóðlegum námskeiðum um sambúð manns og náttúru í samstarfi við heimamenn í Bárðardal og Mývatnssveit. COVID-19 kom þó í veg fyrir námskeiðahald árið 2020 en sumarið 2021 var haldið vel heppnað námskeið í samstarfi við Háskólann á Hólum. Á árinu var unnið að samstarfi SMN við Háskóla Íslands um stofnun fræðaseturs í náttúruhugvísindum. Setrið heitir HULDA og hefur fengist opinber stuðningur við verkefnið sem komið er vel á veg. Þá var komið á samstarfi SMN við Wright Ingrahan Institute í Bandaríkjunum um næsta námskeið sem haldið verður sumarið 2023 með góðri þátttöku.

Kortlagning víðerna á hálendinu

Á árinu 2021 vann Snæbjörn Guðmundsson, jarðfræðingur við Náttúru-minjasafnið, að kortlagningu hálendis Íslands ásamt hópi sérfræðinga við Háskólann í Leeds. Framhald var á vinnunni 2022 og lokaskýrsla um kortlagningu hálendisins var kynnt í mars 2022 á málþingi í Þjóðminjasafni Íslands. (Sjá umfjöllun á Vísí).


Steve Carver, doktor í landfræði við Háskólann í Leeds í Bretlandi og forstöðumaður háskólastofnunarinnar Wildland Research Institute, fór fyrir rannsóknarverkefninu. Verkefnið var unnið að ósk fjögurra íslenskra náttúruverndarsamtaka (Náttúruverndarsamtaka Íslands, Skrauta, Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi og Ungra umhverfissinna), og sneri að því að kortleggja óbyggð víðerni (e. wilderness areas) sem eru þau svæði sem eru ósnortin (eða hvað ósnortnust) af mannavöldum. Snæbjörn Guðmundsson var annar tveggja sérfræðinga sem komu að verkefninu innanlands, sem sérfræðingur í jarðfræði og náttúrufari hálendisins.

Málþingið sem fór fram í sal Þjóðminjasafns Íslands 22. mars var þétt setið. Sigurður Gísli Pálmason, stjórnarformaður styrktarsjóðsins Viljandi opnaði málþingið en Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfisráðherra ávarpaði samkomuna áður en dr. Carver fjallaði um skýrsluna sjálfa. Að kynningu lokinni tóku til máls Rósa Björk Brynjólfssdóttir, varðingmaður, Toby Akroyd frá Wild Europe, Auður H. Ingólfssdóttir frá Vatnajökulspjóðgarði og að lokum sýndi Olivier Joly, franskur ljósmyndari, myndir frá hálendinu og víðernum þess.

Skýrsluna má nálgast á vefsvæði [Wildland Research Institute](#).



Dr. Steve Carver í viðtali vegna málþingsins.



Kort af víðernum hálendisins úr lokaskýrslunni.



Mynd af sérfræðingunum frá Leeds og hópnum sem vann með honum, í Vonarskarði í Vatnajökulspjóðgarði.

FishFAR

FishFAR er rannsóknarverkefni sem unnið er í samstarfi við Háskólann á Hólum, Kaupmannahafnarháskóla, Tjóðsavnið í Færeyjum og Náttúru-minjasafnið Íslands. Verkefnið fjallar um breytingar milli tímabila í fæðu-vistfræði og lífsögu bleikju í vötnum í Færeyjum. Markmið verkefnisins er að varpa ljósi á áhrif loftslagsbreytinga á samfélagsgerð og fæðuvistfræði fiska í færeyskum vötnum og verða bornar saman rannsóknarniðurstöður úr sambærilegu verkefni sem unnið var sumarið 2000 (NORLAKE verkefni) en það gefur færi á að bera saman breytingar á vistfræði vatnanna yfir tíma. Hér er hlekkur á vefsíðu verkefnisins og hér má fræðast um fyrstu niðurstöður.

TREC

Náttúruminjasafnið og fulltrúar frá BIODICE samráðsvettanginum tóku þátt í undirbúningsverkefni í svokölluð TREC verkefni (Traversing European Coastlines) sem evrópska sameindalíffræðistofnunin EMBL (European Molecular Biology Laboratory) stóð fyrir á Íslandi sumarið 2022. Sýnataka fór m.a. fram á þremur stöðum við Þingvallavatn í ágúst sem Ragnhildur Guðmundsdóttir hélt utan um.



Örverur og marflær

Marta Sudo, doktorsnemi við Háskólann í Vín í Austurríki og nemi í verkefni undir leiðsögn Ragnhildar Guðmundsdóttur, dvaldi hér á landi frá apríl til júlí 2022 við rannsóknir í verkefni sem tengist örverum í lindaruppsprettum og grunnvatnsmarflónni *Crangonyx islandicus*. Heiti verkefnisins er *Investigating potential nutritional associations in Icelandic lava field cold spring in relation to the groundwater amphipod Crangonyx islandicus*. Um er að ræða samstarfsverkefni við Snædís Huld Björnsdóttur dósent í örverufræði við Háskóla Íslands. Marta hafði skrifstofuaðstöðu hjá Náttúruminjasafninu á Suðurlandsbraut og rannsóknaraðstöðu í Öskju, Náttúrufræðihúsi Háskóla Íslands. Farnar voru nokkrar vettvangsferðir að Þingvallavatni til að safna marflóm og örverum.

Verkefnið er nátengt öðru rannsóknarverkefni sem Ragnhildur stýrir sem heitir *Seasonal changes in bacteria communities in groundwater springs*. Í því verkefni var farið í mánaðarlegar sýnatökur í uppsprettur í Vatnsvík í Þingvallavatni og lauk sýnatöku í maí.

Líffræðileg fjölbreytni

Rannsóknir á líffræðilegri fjölbreytni héldu áfram 2022 og hefur aðaláherslan verið á að rannsaka innantegundabreytileika í íslenskum kerfum og sérstöðu okkar tegundafáa kerfis í þessu samhengi. Unnið er að því að þróa nýjan ramma (e. Framework) til að meta líffræðilega fjölbreytni en núverandi nálganir leita oft að mynstrum tegunda eða einstaklinga á meðan flóknari ferli eru hunsuð sem og samspil lífvera og umhverfis. Anthony Schultz sá um að leiða þessa vinnu.

Krabbadýr í stöðuvötnum á Íslandi

Þóra Atladóttir vannur að meistaraverkefni sínu við Náttúruminjasafnið í samstarfi við Háskólann á Hólum og Náttúrufræðistofu Kópavogs. Verkefnið fjallar um dreifingu krabbadýra í svifvist í stöðuvötnum á Íslandi. Efniviðurinn er fenginn úr Yfirlistkönnun íslenskra stöðuvatna og úr vistgerðarflokkun.

Rannsóknarstyrkir og samstarf

Horizon 2020 ArcticHUBS (styrkur 2020-2024). Sustainability and resilience of northern communities. Verkefni með 22 þátttakendum frá 11 löndum, og stjórnað frá Finnlandi. Ísland stýrir fiskeldishópi (3 lönd) verkefnisins. Dr. Anna Guðrún Eðvarsdóttir stýrir verkefninu og Skúli Skúlason starfsmaður safnsins vinnur með henni í verkefninu. Sjá líka: <https://cordis.europa.eu/project/id/869580>.

International Arctic Science Committee (IASC): Bjarni Kristófer Kristjánsson, Skúli Skúlason, and Anthony Schultz. Awarded EUR 10,533 to co-host a workshop between Hólar University and NMSÍ in January 2023, on the importance of within-species diversity in Arctic and sub-Arctic regions.

Nýsköpunarsjóður námsmanna. Rannís. **Fjölbreytni svifkrabba í ferskvatni á Íslandi** [2210644-1101]. Umsjónarmaður verkefnisins var Ragnhildur Guðmundsdóttir en það var unnið af Þóru Atladóttur sumarið 2022. Styrkupphæðin var 1.020.000.-

Rannís (verkefnisstyrkur 2022-2024). **Determinants of spatio-temporal variability of life-history traits in small populations (dwarf char in caves around lake Mývatn)**. Skúli Skúlason verkefnastjóri. Samstarf sjö rannsóknastofa á Íslandi, Finnlandi og Skotlandi.

Rannís (öndvegisstyrkur 2019-2022) – **ECO-EVO-DEVO dynamics of biodiversity: Mývatn threespine stickleback as a model**. Bjarni K. Kristjánsson er verkefnastjóri og Skúli Skúlason starfsmaður Náttúruminjasafnsins er samstarfsaðili í verkefninu, sjá [hér](#).

Youth for Arctic Nature – Samnorrænt [verkefni](#) sem Náttúruminjasafnið tekur þátt í. Náttúruminjasafnið fékk styrk að upphæð 300.000 kr. til kaupa á tveimur smásjám og tveimur víðsjám sem eru notaðar til náttúruskoðunar á viðburðum.



Safnkostur

Safnkostur Náttúruminjasafnsins stækkar jafnt og stöðugt og ræður þar töluvert miklu gjafmildi velunnara safnsins. Safnkosturinn telur nú í heild um 33.000 muni sem varðveittir eru í geymslum á vegum Náttúruminjasafnsins.



Gjafir

Meðal gjafa sem Náttúruminjasafnið tók við á árinu var töluverður fjöldi uppstoppaðra fugla. Margir fuglarnir voru notaðir strax og lánaðir Listasafni Íslands á sýningu safnsins *Viðnám* í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Þá bárust Náttúruminjasafninu ýmsir uppstoppaðir munir frá Bændasamtökum Íslands þegar Bændahöllin var aflögð sem aðsetur samtakanna.

Safninu áskotnaðist einnig steinasafn með um 50 steinum sem bætt verður við snerti- og kennslusafn Náttúruminjasafnsins.


Útlán muna

Þó nokkrir munir úr safnkosti Náttúruminjasafnsins eru í útláni og eða á sýningum og aðgengilegir almenn- ingi. Nefna má Grímseyjarlaxinn sem er á sýningu Náttúruminjasafnsins *Vatnið í náttúru Íslands* á annari hæð Perlunnar. Einnig er þversneið af rauðviði hjá Perlu norðursins og uppstoppaðir fiskar eru hjá Nátt- úrufræðistofu Kópavogs. Þó nokkuð af fuglum eru jafnframt í Safnahúsi Listasafns Íslands.

Sarpur

Sarpur er gagnagrunnur sem söfn nýta til að skrá og varðveita upplýsingar og fróðleik um safnkost al- mennt, þ. m.t. málverk, ljósmyndir, teikningar, leir- og trémuni, fornleifar og náttúrumuni. Megnið er að- gengilegt á ytri vef Sarps og þar geta menn leitað að tilteknum gripum eða ákveðnum söfnum.

Skráningarvinna í Sarp á vegum Náttúruminjasafnsins hélt áfram á árinu. Nokkuð vantar upp á myndatöku á munum til að fullskrá í gagnagrunninn en skortur á mannafla hamlar helst framgangi í þeim verkþætti. Nýir munir eru markvisst ljósmyndaðir og reynt að mynda eldri muni eftir föngum. Flestar færslur safns- ins til þessa eru á innri vef Sarps en nokkrar færslur hafa verið birtar á ytri vefnum.



Menningar- og viðskiptaráðherra á Breiðdalsvík

Lilja Alfreðsdóttir menningar- og viðskiptaráðherra heimsótti Breiðdalsvík laugardaginn 9. júlí 2022 í boði Náttúruminjasafnsins. Hún kynnti sér safnkost Náttúruminjasafns Íslands og fyrirætlanir safnsins um sýningahald í gamla frystihúsinu sem og aðkomu safnsins að sýningahaldi í Breiðdalssetri, gamla kaupfélaghúsinu þar sem Rannsóknasetur Háskóla Íslands hefur nú aðstöðu. Hilmar J. Malmquist forstöðumaður Náttúruminjasafnsins og Þóra Björg Andrésdóttir jarðfræðingur safnsins tóku á móti ráðherra og leiddu um geymslur og möguleg sýningarrými í frystihúsinu.

Safnkostur Náttúruminjasafnsins á Breiðdalsvík samanstendur af hinu stórmerkilega og umfangsmikla steinasafni Björns og Baldurs Björgvinssona frá Höskuldastaðaseli sem safnið eignaðist 2021. Sjá frétt [hér](#).

Vel fór á með Lilju Alfreðsdóttur ráðherra, starfsmönnum Náttúruminjasafnsins og heimamönnum í heimsókninni. Það er mikill fengur að því fyrir opinbera fræðslustofnun á borð við Náttúruminjasafnið að eignast safnkost af því tagi sem hér um ræðir, sérstaklega þar sem hann hentar vel til sýningahalds og almenningsfræðslu. Stefnt er að því að opna sýningu um þennan merkilega safnkost sumarið 2025 í gamla frystihúsinu á staðnum. Þá er í burðarliðnum gerð samnings við stjórn Breiðdalsseturs, Fjarðabyggð og Rannsóknasetur Háskóla Íslands um aðkomu Náttúruminjasafnsins að sýningahaldinu í Breiðdalssetri.



Á hlaðinu heima hjá Birni Björgvinssyni. Björn Björgvinsson, Þóra Björg Andrésdóttir jarðfræðingur og Lilja Alfreðsdóttir.

Steinasafn Breiðdalsbræðra

Stærstum hluta þessa merkilega steinasafns sem bræðurnir Björn og Baldur Björgvinssynir gáfu Náttúruminjasafninu var komið fyrir í geymslunni á Breiðdalsvík á árinu. Það verkefni mun þróa áfram eftir því sem fjárhagur og húsrými leyfir.

Í safnkostinum er að finna mörg sjaldgæf eintök sem hafa mikið fágætisgildi og enn önnur eru undurfagrir skrautsteinar með mikið fagurfræðilegt gildi. Þá tilheyra safnkostinum fimm stærðarinnar, fægðir graníthnullungar eftir listamanninn kunna Sigurð Guðmundsson, en Sigurður hefur sýnt því mikinn áhuga að koma að uppsetningu höggverksins á Breiðdalsvík í samvinnu við Náttúruminjasafnið.

Sjá frétt um steinasafnið [hér](#).



Útgáfa

Náttúruminjasafnið gefur út á eigin vegum og í samvinnu við aðra prentefni um náttúru og náttúrusögu. Safnið heldur einnig úti vefsetrinu nmsi.is, [Facebook-síðu](#) og [Instagram-reikningi](#).

Mynd af manni hlýtur Íslensku bókmenntaverðlaunin

Sigrún Helgadóttir hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fræðibóka og rita almenns efnis fyrir bók sína: *Sigurður Þórarinnsson, Mynd af manni I-II*, sem Náttúruminjasafn Íslands gaf út.

Verðlaunaverk Sigrúnar, sem telur um 800 blaðsíður í tveimur bindum, prýddar fjölmörgum ljósmyndum Sigurðar sjálfs, er sannkallað stórvirki. Sigrún vann að ævisögu Sigurðar í sjö ár og hafa bækurnar vakið verðskuldaða athygli og runnið út – en auk tilnefningar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna hlaut ævisagan tilnefningu til Fjöruverðlaunanna og mikið lof gagnrýnenda.



Náttúrufræðingurinn

Náttúrufræðingurinn er tímarit Hins íslenska náttúrufræðifélags og Náttúruminjasafns Íslands og hefur verið gefið út frá árinu 1931. Í febrúar 2014 gerðu félagið og safnið með sér samning um ritstjórn og útgáfu tímaritsins sem hefur frá og með 1. tölublaði 84. árgangs verið gefið út í nafni beggja. Greiðir hvor aðili helming af útgáfukostnaði og laun ritstjóra. Nýr ritstjóri, Margrét Rósa Jochumsdóttir, hóf störf í ársbyrjun 2022 og hefur aðstöðu á skrifstofu Náttúruminjasafnsins. Hún tók við ritstjórarstarfinu af Álfheiði Ingadóttur, sem hafði verið ritstjóri í alls tæplega átján ár, fyrst 1996–2006 og síðar 2014–2022.


Álfheiður á miklar þakkir skilið fyrir ötulna ritstjórn, ósérhlífni, fagmennsku og smekkvísi við ritstjórn tímaritsins. Einnig á safnið Álfheiði mikið að þakka í menningarlegu tilliti – að stuðla að og standa vörð um einkar vandaða miðlun um náttúru landsins og íslenska tungu sem ætluð er almenningi til fróðleiks og upplýsingar. Þó Álfheiður hafi látið af starfi ritstjóra Náttúrufræðingsins í byrjun ársins var hún Náttúruminjasafninu og nýjum ritstjóra innan handar um eitt og annað sem viðkemur ritstjórn og útgáfumálum út allt árið.



Álfheiður og Margrét Rósa með nýjasta hefti Náttúrufræðingsins á milli sín. Ljós. Fréttablaðið/Sigtryggur Ari.

Nýtt vefsetur Náttúrufræðingsins

Til hefur staðið um nokkurt skeið að opna vefsetur fyrir Náttúrufræðinginn og vann ritstjóri tímaritsins Margrét Rósa Jochumsdóttir að undirbúningi og uppsetningu vefsins á árinu. Vefurinn opnaði í byrjun árs 2023. Á vefnum eru greinar blaðsins birtar, sem og annað innsent efni sem þykir falla vel að stafrænni útgáfu. Markmið vefsins er að vekja athygli á Náttúrufræðingnum og gefa fleirum tækifæri til þess að lesa hann og gerast félagar Hins íslenska náttúrufræðifélags. Með því vinnur Náttúrufræðingurinn að því að auka áhuga og þekkingu á náttúrufræðum, umhverfisvísindum og umhverfismálum og hafa áhrif á viðhorf til náttúrunnar og til náttúruverndar.




Ársskýrsla Náttúruminjasafnsins 2021

Á vefsíðu Náttúruminjasafnsins er að finna margvíslegar upplýsingar um safnið. Þar eru viðburðir jafnframt auglýstir og sagðar fréttir af safninu og framgangi þess. Einnig er lögð áhersla á fræðslu um náttúruna út frá víðu sjónarhorni í svokölluðum „Fróðleiksmolum“ og fréttum.

nmsi.is – Vefsetur Náttúruminjasafns

Á vefsíðu Náttúruminjasafnsins er að finna margvíslegar upplýsingar um safnið. Þar eru viðburðir jafnframt auglýstir og sagðar fréttir af safninu og framgangi þess. Einnig er lögð áhersla á fræðslu um náttúruna út frá víðu sjónarhorni í svokölluðum „Fróðleiksmolum“ og fréttum.



Samfélagsmiðlar

Safnið heldur úti virkum aðgöngum á [Facebook](#) og [Instagram](#). Færslur á samfélagsmiðlum eru fjölbreyttar og lögð er áhersla á að fræða fólk um náttúruna, út frá líffræðilegu og jarðfræðilegu sjónarhorni auk þess sem miðlarnir eru nýttir til að auglýsa viðburði á vegum safnsins og gefa innsýn í starfsemi safnsins.

Ritlisti

Beck, S.V., K. Räsänen, B.K. Kristjánsson, **S. Skúlason**, Z. O. Jónsson, M. Tsinganis, C. A. Leblanc 2022. Variation in egg size and offspring phenotype among and within seven Arctic charr morphs. *Ecology and Evolution*. DOI: 10.1002/ece3.9427

Bjarni F. Einarsson, **Hilmar J. Malmquist**, Snæbjörn Pálsson og Ævar Petersen. 2022. Rostungar við Ísland til forna – mannvistfræði og menningarsögulegt gildi. Skírnir, 196. ár, bls. 126–172.

Bouvier, L.D., J. R. Baylis, A. Klemetsen, B.K. Kristjánsson, J.L. Li, P. Magnan, R.L. McLaughlin, A.M. Muir, Y. Sakakura, and **S. Skúlason** 2022. What is a fish? The life and legend of David L.G. Noakes. *Environmental Biology of Fishes*. DOI: 10.1007/s10641-022-01344-3

Brachmann, M.K., K. Parsons, **S. Skúlason**, O. Gaggiotti, M. Ferguson 2022. Variation in the genomic basis of parallel phenotypic and ecological divergence in benthic and pelagic morphs of Icelandic Arctic charr (*Salvelinus alpinus*). *Molecular Ecology* 31: 4688–4706. DOI: 10.1111/mec.16625

Finnur Ricart Andrasen, Ingibjörg Eiríksdóttir, Kristín Amalía Atladóttir, Pálína Axelsdóttir Njarðvík, Snæbjörn Guðmundsson og Sævar Þór Halldórsson 2022. Ómetanlegar náttúruperlur fram á hengiflugið; 13. júní 2022)

Karl Gunnarsson, Sæmundur Sveinsson, Davíð Gíslason, **Hilmar J. Malmquist**, Joana Micael and Sindri Gíslason. Mollusc on the move; First record of the Newfoundland's razor clam, *Ensis terra-novensis* Vierna & Martínez-Lage, 2012 (Mollusca; Pharidae) outside its native range. *BioInvasions Records* (accepted ms, revised 31.12.2022).

Leblanc, C.A., C. Schreck, B.K. Kristjánsson, **S. Skúlason**, and D.L.G. Noakes 2022. Egg size related traits during the first year of growth and smolting in hatchery and wild juveniles of steelhead trout *Oncorhynchus mykiss*. *Environmental Biology of Fishes*. <https://doi.org/10.1007/s10641-022-01377-8>.

Ole Sandberg, Játningar villutrúarmanns. Í Stundin, 24. Nóvember 2022.

Pilakouta, N., P.J. O'Donnell, A. Crespel, M. Levet, M. Claireaux, J.L. Humble, B.K. Kristjánsson, **S. Skúlason**, J. Lindström, N. B. Metcalfe, S. S. Killen, and K.J. Parsons 2022. A warmer environment can reduce sociability in an ectotherm. *Global Change Biology*. DOI: 10.1111/gcb.16451

Ragnhildur Guðmundsdóttir 2022. Líffræðileg fjölbreytni – forsenda lífríkisins. Leiðari. Í *Náttúrufræðingurinn*, 92 (3-4). <https://natturufrædingurinn.is/lifraedileg-fjolbreytni-forsenda-lifrikisins/>

Ragnhildur Guðmundsdóttir 2022. Námsefni fyrir miðstig grunnskóla í samstarfi við Rannveigu Magnúsdóttur hjá Landvernd. Verkefnið fjallar um grunnvatnsmarflær og heitir *Grunnvatnsmarflær – frumbyggjar Íslands*. Það má finna á [vef Landverndar](#).

S. Sharma, A. Filazzola, T. Nguyen, M. A. Imrit, K. Blagrove, D. Bouffard, J. Daly, H. Feldman, N. Feldsine, H.-J. Hendricks-Franssen, N. Granin, R. Hecock, J. Henning L'Abée-Lund, E. Hopkins, N. Howk, M. Iacono, L.B. Knoll, J. Korhonen, **H.J. Malmquist**, A. Zhdanov & J.J. Magnuson. 2022. Long-term ice phenology records spanning up to 578 years for 78 lakes around the Northern Hemisphere. *Scientific Data* 9, 318 (2022). <https://doi.org/10.1038/s41597-022-01391-6>.

S. Sharma, R. I. Woolway, A. Basu, K. Blagrove, G. Bove, N. Granin, J. H. L'Abée-Lund, **H. J. Malmquist**, W. Marszelewski, T. Nöges, M. Pulkkanen, and K. Stewart. 2022. Chapter 4, Lake ice, pp. 47–49. In: *State of the Climate in 2021* (Blunden, J. & T. Boyer, eds.). Bull. Amer. Meteor. Soc., 103 (8), 142 p.

Snæbjörn Guðmundsson 2022. Steinflögur úr Arfabót. Skýrsla.

Viðar Hreinsson 2022. Heittrúarharka og skammarskil. Af séra Jóni, tíðaranda og menningarástandi, í *Súlur – norðlenskt tímarit* XLVIII: 61: 83-104.

Viðar Hreinsson 2022. Systa í samastaðarígildinu. Um *Systu megin* eftir Steinunni Sigurðardóttur í *Tímarit Máls og menningar* 83:4: 32-39.

Viðar Hreinsson 2022. „Rough Seas in Tattered Manuscripts” í *Paper Stories: Paper and Book History in Post-Medieval Europe*. Ritstjórar: Silvia Hufnagel, Þórunn Sigurðardóttir og Davíð Ólafsson. De Gruyter 2023: 359-390 (handrit til útgáfu í apríl 2023).

Þóra B. Andrésdóttir, Þorgerður Þorleifsdóttir, Helga Aradóttir, Ragnhildur Guðmundsdóttir og Snæbjörn Guðmundsson 2022. Náttúran í nágrenninu – tækifæri til uppbrots í safnastarfi. Safnablaðið Kvistur.

Birtingar á netinu

Finnur Ricart Andrasen, Ingibjörg Eiríksdóttir, Kristín Amalía Atladóttir, Pálína Axelsdóttir Njarðvík, **Snæbjörn Guðmundsson** og Sævar Þór Halldórsson 2022. Ómetanlegar náttúruperlur fram á hengiflugið; 13. júní 2022)

Erindi

Anthony Schultz and the BIODICE network (þ.m.t. Skúli Skúlason sem flutti fyrirlesturinn fyrir hönd Anthony og hópsins). „[Iceland: A Hotspot for Intraspecific Diversity?](#)“ Vistís - Ráðstefna Vistfræðifélags Íslands 28. apríl 2022.

Helga Aradóttir. „Viðerni – skipta þau mig máli?“ Erindi flutt á málþinginu Viðerni í viðú samhengi: Kortlagning, verndun og upplifun. Málþingið var skipulagt af Vatnajökulspjóðgarði og Stofnun Sæmundar fróða og haldið í Norræna húsinu 25. mars 2022.

Hilmar J. Malmquist. „Náttúruminjasafn Íslands – Framtíðarhorfur.“ Erindi (29 slæður) flutt á námskeiðinu Safn og samfélag: Sirkus dauðans? (SAF603M). Félagsvísindasvið Háskóla Íslands – Félags- og mannvísindadeild. 24. febrúar 2022.

Hilmar J. Malmquist. „Icelandic Museum of Natural History.“ Erindi (10 slæður) flutt í Þjóðminjasafni Eistlands í Tartu, Eistlandi, 4.-7. maí 2022, í tilefni af tilnefningu sýningar Náttúruminjasafnsins *Vatnið í Náttúru Íslands* til Evrópsku safnaverðlaunanna árið 2022 (EMYA 2022).

Hilmar J. Malmquist. „Eubalaena glacialis. Long-term loan of skeleton from the Natural History Museum of Denmark to the Icelandic Museum of Natural History – collaboration on exhibition, information sharing and research.“ Kynning (18 slæður) flutt á fundi í Nesstofu, Seltjarnarnesi, með prófessor Peter C. Kjærgaard forstjóra Náttúrufræðisafns Danmerkur (Statens Naturhistoriske Museum), prófessor Nikolaj Scharff og dr. Bethany G. Palumbo 8. september 2022.

Hilmar J. Malmquist. „Af íslandssléttbökum í Kaupmannahöfn og starfsemi Náttúruminjasafnsins í nýjustu höfuðstöðvum á Seltjarnarnesi.“ Erindi (22 slæður) flutt á kvöldfundi Rotaryklúbbs Reykjavík-Árbæjar. 22. september 2022.

Hilmar J. Malmquist. „ROCS and the Icelandic Museum of Natural History: collaboration and future vision.“ Erindi (13 slæður) flutt á málstofu ROCS (Research Center on Ocean, Climate and Society) í Háskóla Íslands, Auðarsalur, Veröld – Hús Vigdísar. 9. desember 2022.

Ole Sandberg. „Art, Affect and Imagination as Active Tools for a Sustainable Future“, FÖLEGO symposium on the role of the arts in addressing climate change, Safnahúsið, Reykjavík, 4. mars 2022.

Ole Sandberg. „Art and Biodiversity: Why is artistic practice important for perception and appreciation of nature?“ Fyrirlestur og vinnustofa haldin fyrir íslenska listamenn í Náttúruminjasafni Íslands 4. október 2022.

Ole Sandberg. „Climate Affects“. Erindi flutt á málþingi GRÓ-GEST um kyn og loftslag í Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Hornafirði 13. maí 2022.

Ole Sandber. „What is process philosophy and why is it relevant to ecological research?“ Fyrirlestur og vinnustofa haldin fyrir starfsfólk Náttúruminjasafns Íslands 8. Júní 2022.

Ragnhildur Guðmundsdóttir. „Crangonyx islandicus and the subsurface habitat“. Erindi flutt 24. mars 2022 í hádegismálstofu Hafrannsóknarstofnunar.

Skúli Skúlason. „[How melting glaciers affect biodiversity in Iceland: Implications for resource use and conservation](#)“. Arctic Circle 15. okt. 2022, málstofa A Changing Cryosphere Affecting Biodiversity, Energy and Tourism - IACN – Icelandic Arctic Cooperation Network. Harpa Reykjavík. Meðfylgjandi PDF af fyrirlestri. Sjá bls. 66 á þessari [slóð](#).

Skúli Skúlason. „[Biodiversity concepts and the role of stickleback science in conservation](#)“. (moderator of discussion). Stickleback 2022. 10th International Conference on Stickleback Behaviour and Evolution, 23.-29. júlí. Háskólinn á Hólum, Hólum í Hjaltadal. Meðfylgjandi PDF af fyrirlestri. Frekari upplýsingar [hér](#).

Skúli Skúlason og Bjarni Kristófer Kristjánsson. „[Vísindamaðurinn Saggi](#)“. Málþing til heiðurs Sigurði S. Snorrasyni og Hrefnu Sigurjónsdóttur sem hafa látið af störfum við Háskóla Íslands. 10. maí 2022 í Háskóla Íslands.

Skúli Skúlason, Bjarni K. Kristjánsson, Hilmar J. Malmquist og Sigurður S. Snorrason. „Áhrif hlýnunar á fjölbreytni innan tegunda og vistkerfa“. Málþing um loftslagsbreytningar á vegum Vísindanefndar um loftslagsbreytningar 8. febrúar 2022 á netinu.

Skúli Skúlason. „Um líffræðilega fjölbreytni“. Menning á miðviku-dögum. Fyrirlestur í boði Náttúrustofu Kópavogs o.fl. 9. febrúar 2022 Safnahús Kópavogi. Upptöku má nálgast [hér](#).

Skúli Skúlason, Anthony Schultz and Ole Martin Sandberg. „[Biological diversity and climate change](#)“. Málþing og umræða. Gagarín Ocean Stories 29 apríl 2022.

Skúli Skúlason. „Líffræðileg fjölbreytni og verðmæti hennar“. Þriðjudagserindi Landsvirkjun 17. maí 2022.

Skúli Skúlason. „[Hvað felst í því að vera raunverulega í liði með náttúrunni?](#)“ Í liði með Náttúrunni – Heilbrigð jörð, heilbriggt líf. Málþing á vegum Stofnunar Sæmundar fróða Háskóla Íslands, Norræna húsinu, 25. maí 2022.

Skúli Skúlason. „[Fjölbreytni náttúrunnar og gildi](#)“. Náttúran – málþing í Kakalaskála Skagafirði laugardaginn, 27. ágúst 2022.

Skúli Skúlason. „Framtíðin endurskrifuð (Re-Imagining the Future)“. 24. nóvember 2022. Lýsing skipuleggjenda: „Norræna húsið býður í þverfaglegt samtal þar sem Azucena Castro, PhD í spænsku og bókmenntum og starfandi fræðimaður hjá Stockholm Resilience Centre, og Skúli Skúlason, prófessor í líffræði í Háskólanum á Hólum, munu takast á við þessar stóru spurningar.“ Upptöku má nálgast [hér](#).

Viðar Hreinsson. „Biodiversity and Cultural Processes“ Fyrirlestrar-öð ROCS (ROCS lecture series (Queen Margrethe's and Vigdís Finnbogadóttir's Interdisciplinary Research Centre on Ocean, Climate, and Society)), 10. Nóvember 2022 (í netstreymi).

Viðar Hreinsson. „Náttúra og lífræn handritamenning“ Inngangsfyrirlestur á málþingi HULDU náttúruhugvísindasæters í Skjólbrekku, Mývatnssveit, 30. september-1. október 2022.

Viðar Hreinsson. „... þú hafðir ekki skyn á skapara þínum.“ Um náttúru og sköpunarverk að fornu og nýju.“ Fyrirlestur á Kalakapíngi, Kakalaskála í Skagafirði, 27. ágúst 2022.

Viðar Hreinsson. „Rough Seas in Tattered Manuscripts“ Fyrirlestur á málþinginu PAPER STORIES: Paper and Book History in Post-Medieval Europe. Reykjavík 5.-6. maí 2022.

Viðar Hreinsson. „Systa í samastaðarígildinu“. Fyrirlestur á málþingi um bók Steinunnar Sigurðardóttur, Systu megin, Veröld, 10. Mars 2022.

Pallborðsumræður

Ole Sandberg. On the phenomenon of Solastalgia, Radical Hope and the Uses and Abuses of Fear and Anxiety, FÔLEGO/APHEL-EIA workshop on Arts and Sociocultural Transformation, Centro Cultural Elvino Pereira, Mação, Portugal (online), 6. apríl 2022.

Skúli Skúlason. Universities and Democracy. Þátttaka í pallborðsumræðum í lok ráðstefnunnar, fulltrúi Háskólans á Hólum. Universities and democracy A dissemination event for the project: Universities and Democracy: A Critical Analysis of the Civic Role and Function of Universities in a Democracy University of Akureyri, M102, November 11, 2022. Sjá upptöku [hér](#).

Skúli Skúlason. Þátttaka í pallborðsumræðum í lok ráðstefnunnar. Árleg ráðstefna Gæðaráðs Háskólanna um Eflingu gæða meistarnáms 17. maí 2022. Annual Quality Board Conference on Enhancing Quality of Masters Studies. Sjá dagskrá og upptöku [hér](#).



Mannauður



Hilmar J. Malmquist
forstöðumaður
PhD vistfræðingur

Hilmar var skipaður forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands í september 2013 og aftur í september 2018 til fimm ára.

hilmar.j.malmquist@nmsi.is



Anna Katrín Guðmundsdóttir
Verkefna- og viðburðastjóri
MPM verkefnastjóri

Hóf störf í janúar 2019. Anna Katrín er verkefna- og viðburðastjóri á sviði sýningarhalds og hefur umsjón með mannauðs-, markaðs- og kynningarmálum.

anna.k.gudmundsdottir@nmsi.is



Anthony Schultz
sérfræðingur
PhD líffræðingur

Hóf störf í febrúar 2021. Anthony sinnir rannsóknum og gagnaöflun á sviði líffræðilegrar fjölbreytni á Íslandi.

anthony.schultz@nmsi.is



Helga Aradóttir
safnkennari
MA kennari og hönnuður

Hóf störf í júní 2021. Helga hefur umsjón með og sinnir fræðslu og kennslu skólahópa á sýningum safnsins.

helga.aradottir@nmsi.is



Húni H. Malmquist
safnvörður

Hóf störf árið 2021.

huni.h.malmquist@nmsi.is



Klara Malín Þorsteinsdóttir
safnvörður og móttaka hópa
BA í listfræði

Hóf störf í október 2022. Klara skrifar á samfélagsmiðla fyrir safnið.

klara.m.thorsteinsdottir@nmsi.is



Margrét Rósa Jochumsdóttir
ritstjóri, MA í þróunarfræðum
MA í ritstjórn og útgáfu

Hóf störf í janúar 2022. Margrét er ritstjóri prentútgáfu Náttúrufræðingsins og vefútgáfu tímaritsins.

margret.r.jochumsdottir@nmsi.is



Ole Martin Sandberg
sérfræðingur
PhD heimspekingur

Hóf störf í júlí 2021 í tímabundinni hlutastöðu. Ole fæst við rannsóknir og miðlun á sviði líffræðilegrar fjölbreytni, einkum hvað varðar heimspekilega og siðfræðilega afstöðu manna til náttúrunnar.

oms@hi.is



Ragnhildur Guðmundsdóttir
sérfræðingur
PhD líffræðingur

Hóf störf í júní 2021. Ragnhildur sinnir fræðslu og kennslu á sýningum safnsins og stundar rannsóknir og gagnaöflun á sviði líffræðilegs fjölbreytileika á Íslandi.

ragnhildur.gudmundsdottir@nmsi.is



Skúli Skúlason
sérfræðingur
PhD líffræðingur
prófessor

Hóf störf í janúar 2019. Helstu verkefni lúta að líffræðilegum fjölbreytileika og siðferðilegum álitamálum í samskiptum manns og náttúru. Skúli gegnir hálfri stöðu hjá Náttúruminjasafninu og hálfri stöðu hjá Háskólanum á Hólum.

skuli.skulason@nmsi.is



Snæbjörn Guðmundsson
sérfræðingur
BS jarðfræðingur

Hóf störf í janúar 2021. Snæbjörn er fagstjóri jarðfræði og náttúruverndar, hefur umsjón skráningu jarðminja og jarðfræðisýna auk verkefna sem lúta að rafrænni og stafrænni fræðslu.

snaebjorn.gudmundsson@nmsi.is



Viðar Hreinsson
sérfræðingur
Mag.art. bókmenntafræðingur;
BA íslenskufræðingur

Hóf störf í janúar 2019. Sinnir rannsóknum í umhverfshugvísindum og menningarsögu náttúruvísinda.

vidar.hreinsson@nmsi.is



Benný Brynjarsdóttir
ræstitæknir

Hóf störf árið 2007.
Annast ræstingar og þrif.

Á árinu 2022 komu fjórir nýir starfsmenn til liðs við Náttúruminjasafnið, Margrét Rósa Jochumsdóttir og Hrefna B. Ingólfssdóttir hófu störf síðla í febrúar, Benedikt Traustason í maí og Klara Malín Þorsteinsdóttir í október. Þá gegndi Húni H. Malmquist safnvörslu í hlutastarfi í júní–desember og Þóra Atladóttir var ráðin í sérfræðiverkefni við Náttúruminjasafnið yfir sumarmánuðina. Álfheiður Ingadóttir, ritstjóri Náttúrufræðingsins og Náttúruminjasafnsins lét af störfum í byrjun janúar en sinnti áfram ritstjórn í verktöku til loka júní. Sigurveig Gunnarsdóttir safnvörður og aðstoðarmaður safnkennara lét af störfum í apríl.

Í árslok 2022 störfuðu 14 manns hjá Náttúruminjasafninu, þar af átta í hluta-störfum. Að teknu tilliti til vinnu sumarstarfsmanna (0,4 ársverk) voru ársverk við safnið alls tíu.


Starfsþróun

Ráðstefna og vinnustofa í Montpellier, Frakklandi

Ole Sandberg. On the phenomenon of Solastalgia, Radical Hope and the Uses and Abuses of Fear and Anxiety, FÔLEGO/APHELEIA workshop on Arts and Sociocultural Transformation, Centro Cultural Elvino Pereira, Mação, Portugal (online), 6. apríl 2022.

Skúli Skúlason. Universities and Democracy. Þátttaka í pallborðsumræðum í lok ráðstefnunnar, fulltrúi Háskólans á Hólum. Universities and democracy A dissemination event for the project: Universities and Democracy: A Critical Analysis of the Civic Role and Function of Universities in a Democracy University of Akureyri, M102, November 11, 2022. Sjá upptöku [hér](#).

Skúli Skúlason. Þátttaka í pallborðsumræðum í lok ráðstefnunnar. Árleg ráðstefna Gæðaráðs Háskólanna um Eflingu gæða meistaranáms 17. maí 2022. Annual Quality Board Conference on Enhancing Quality of Masters Studies. Sjá dagskrá og upptöku [hér](#).



Miðlunarsvið til Osló, Náttúruminjasafnið

Í nóvember heimsóttu sex starfsmenn miðlunarsviðs Náttúruminjasafnsins Náttúruminjasafnið í Osló (Naturhistorisk Museum). Tilefnið var að skoða nýja grunnsýningu safnsins, hitta starfsmenn safnsins og læra af reynslu þeirra við gerð nýrrar sýningar. Undirbúningur við vinnu nýrrar grunnsýningar í Náttúruhúsi í Nesi er í burðarliðnum og var heimsóknin því góð innspýting í þá vinnu. Heimsóknin var einstaklega lærdómsrík og vel heppnuð þar sem farið var yfir áralangan undirbúning sýningarinnar og framkvæmd. Jafnframt áttu starfsmenn góðan og fróðleiksríkan fund með yfirmönnum varðveisludeildar. Nýja sýningin var skoðuð og sömuleiðis ný loftslagssýning í Klimahuset, sem er fyrsta sérsýningin á Norðurlöndum um loftslagsbreytingar. Sýningin er hluti af Náttúruminjasafninu í Osló.

Hópurinn átti jafnframt heimboð í Munksafnið þar sem safnkennarar tóku á móti hópnum og sögðu frá hvernig þeir haga skólaheimsóknum og viðburðahaldi fyrir skólabörn og fjölskyldur. Ferðin var afar vel heppnuð og heimsótti hópurinn jafnframt fleiri söfn.

Grænu skrefin

Náttúruinjasafn Íslands steig fimmta og síðasta græna skrefið í júlí.

Safninu hefur lengi verið umhugað um umhverfismál og var því góður grunnur til staðar þegar vinna hófst við Grænu skrefin, en 3 skrefum var lokið í desember árið áður. Við náðum meðal annars 80% flokkunarhlutfalli á úrgangi á grænni vegferð og er umhugað á að stefna hærra.

Markmið Grænu skrefanna er að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi stofnana og efla umhverfisvitund starfsmanna. Þátttaka veitir stofnunum tækifæri til að innleiða með kerfisbundnum hætti öflugt umhverfisstarf undir handleiðslu Umhverfisstofnunar. Verkefnið er fjármagnað af umhverfis- og auðlindaráðuneyti og því safninu að kostnaðarlausu.



GRÆN SKREF



Fjármál

Framlag ríkissjóðs til rekstrar Náttúru-minjasafns Íslands árið 2022 nam 125,9 m.kr og hækkaði um 22% frá árinu 2021.

Útgjöld námu alls 236,2 m.kr og hækka um 9,3 m.kr. frá 2021. Sértekjur námu 37,4 m.kr og hækka um 22,7 m.kr milli ára. Meginskýring liggur í 14,3 m.kr. tekjum af sýningarhaldi í Perlunni, en algert tekjufall varð þar árið 2021 vegna Covid, og 11,4 m.kr tekjum vegna bókar sem Náttúru-minjasafnið gaf út árið 2021. Útgjöld umfram sértekjur námu þar með 198,8 m.kr sem eru 52,4 m.kr. umfram 125,9 m.kr. rekstrarframlag ríkissjóðs, svo halli af rekstri 2022 varð 52,4 m.kr.

Launakostnaður nam alls 140,7 m.kr (59,6%). Launakostnaður án orlofs-skuldbindinga stendur þó í stað milli ára (148,2 m.kr bæði árin (62,7%)) en meðalfjöldi stöðugilda minnkar um 0,4 milli ára (11,7/2022; 12,1/2021.). Ferðakostnaður varð alls 4,2 m.kr., þar af 2,6 m.kr vegna ferða erlendis, og skýrist hann einkum af ferð til Eistlands í tengslum við tilnefningu til Evrópsku safnaverðlaunanna (EMYA2022), fræðsluferðar starfsfólks til Noregs (að stórum hluta styrkur á móti) og undirbúningi nýrrar sýningar í Nesi. Hækkun aðkeyptrar þjónustu milli ára um 11,2 m.kr. má að mestu leyti rekja til hækkunar á liðnum önnur sérfræðiþjónusta um 21,2 m.kr. (þar af 12,6 m.kr. vegna bókar um Sigurð Þórarinsson Mynd af manni I-II sem kom út árið 2021 og 6,0 m.kr. vegna undirbúnings sýningar í Nesi) og 10,0 m.kr. lækkunar á liðnum prentun, póstur o.fl., sem var hár 2021 vegna bókaútgáfu.

Kostnaður vegna undirbúnings sýningar í Náttúruhúsinu í Nesi nam 17,9 m.kr. á árinu og er hann þar með kominn í alls 34,3 m.kr. (17,9 m.kr/2022 (þar af laun 10,1 m.kr); 12,7 m.kr/2021 (þar af laun 10,5 m.kr); 3,7 m.kr/2020). Þessi kostnaður er hluti af heildarkostnaði stofnunarinnar í rekstarreikningum viðkomandi ára og skýrir hluta hallans 2021 og 2022. Afgangur af rekstri 2020 (að stærstum hluta tilkominn vegna ónotaðs 100 m.kr. framlag MVR það ár til sýningarundirbúningsins) var að mestu felldur niður í árslok 2020, eða alls 74,8 m.kr., og hefur niðurfellingin ekki fengist leiðrétt enn.



1. tafla. Rekstraryfirlit Náttúruminjasafns Íslands árin 2022 og 2021 (kr)


	2022	2021	Breyting (%)
Sértekjur alls	-37.392.596	-14.707.095	154,2%
Launakostnaður	140.721.308	149.281.883	-5,7%
Ferðir og fundir	6.367.589	1.876.201	239,4%
Rekstrarvörur	2.712.652	1.336.672	102,9%
Aðkeypt þjónusta	50.140.496	38.748.347	29,4%
Húsnæði	15.437.357	14.452.308	6,8%
Bifreiðar og vélar	52.183	98.410	-47,0%
Afskriftir	20.496.199	21.037.572	-2,6%
Annar rekstrarkostnaður	272.119	109.547	148,4%
Útgjöld alls	236.199.903	226.940.940	4,1%
Útgjöld umfram sértekjur alls	198.807.307	212.233.845	-6,3%
Framlag ríkissjóðs til rekstrar	-125.900.000	-103.100.000	22,1%
Framlag til afskrifta	-20.496.199	-21.037.572	-2,6%
Framlag ríkissjóðs alls	-146.396.199	-124.137.572	17,9%
Niðurstaða – afkoma ársins	52.411.108	88.096.273	

Framlag til fjárfestinga 2022 nam 0,8 m.kr., sem er óbreytt upphæð frá 2018. Fjárfest var fyrir 6,7 m.kr (þar af 4,0 m.kr v/steinasafns á Breiðdalsvík) sem er 5,9 m.kr. umfram fjárfestingaheimild.

Rekstrargjöld ársins voru 236,2 m.kr. og jukust lítillega milli ára (4%) sem er, líkt og síðustu tvö ár, einkum vegna aukinna umsvifa vegna vinnu við sýningagerð í Náttúruhúsinu í Nesi. Launaliðurinn svaraði til um 60% af útgjöldum en annar rekstrarkostnaður um 40%. Rekstur sýningarinnar í Perlunni nam um 26% af rekstrargjöldum í heild, sem er svipað og í fyrra. Til eignakaupa var varið 6,3 m.kr. og munar þar mest um seinni greiðslu af tveimur vegna steinasafns Náttúruminjasafnsins á Breiðdalsvík.

1. mynd. Kökurit sem sýnir hlutfallslega skiptingu útgjalda Náttúruminjasafns Íslands eftir rekstrarliðum á árinu 2022

● Laun og launatengd gjöld	60%
● Ferðir, fundir, akstur	3%
● Rekstrarvörur	1%
● Aðkeypt sérfræðiþjónusta	17%
● Húsnæði	6%
● Auglýsingar o.fl.	3%
● Prentun o.fl.	1%
● Sími, hýsing og annað	1%
● Afskriftir	9%



Náttúruminjasafn Íslands

Náttúruminjasafn Íslands er eign íslenska ríkisins, eitt þriggja höfuðsafna landsins og starfar samkvæmt lögum um Náttúruminjasafn Íslands nr. 35/2007 og safnalögum nr. 141/2011.

Meginhlutverk Náttúruminjasafns Íslands er að miðla þekkingu og fróðleik um náttúru Íslands, náttúrusögu, nýtingu náttúruauðlinda, náttúruvernd og tengsl náttúru landsins við umheiminn. Í því skyni stundar safnið rannsóknir á sínu sviði og gengst fyrir sýningarhaldi, útgáfu og viðburðum, og stuðlar þannig að auknu aðgengi almennings að náttúruarfinum, varðveislu hans og sjálfbærri umgengni við hann. Náttúruminjasafnið hefur það jafnframt að leiðarljósi með starfsemi sinni að auka lífsgæði manna með því að efla skilning á þróun og stöðu menningar, lista, náttúru og vísinda.

Náttúruminjasafnið skal vera opið almenningi og starfa í þágu almennings. Safnið skal vera framsækið, áhugavert og faglega leiðandi höfuðsafn á sviði náttúrufræða og ein af grunnstöðum samfélagsins í menntun og upplýsingagjöf um umhverfi og náttúru. Starfsemi Náttúruminjasafnsins skal miða við þarfir sem flestra, óháð aldri, kyni, félagslegri stöðu eða uppruna. Það skal vera vettvangur lifandi og gagnrýnnar umræðu um náttúru og umhverfismál og beita sér fyrir kynningu á því nýjasta og markverðasta sem efst er á baugi hverju sinni í þeim efnum.



Ásskýrsla Náttúruminjasafns Íslands 2022

Ljósmyndir: Gyða Henningsdóttir og starfsfólk Náttúruminjasafns Íslands

© Náttúruminjasafn Íslands 2023. | Ritstjóri: Margrét Rósa Jochumsdóttir
Hönnun og uppsetning: Ingi Kristján Sigurmarsson